

Lög

Félag sumarbústaðaeigenda í landi Möðruvalla í Kjós

1. gr.

Félagið heitir Norðurnes. Heimili þess er í landi Möðruvalla, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

- Að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart 3ja aðila, t.d sveitarstjórn eða landeiganda, vegna eignar eða leigu á sumarbústaðalöndum.
- Að hvetja til skógræktar og annarrar ræktunar á svæðinu.
- Að stuðla að og standa fyrir sameiginlegum framkvæmdum félagsmanna á svæðinu.
- Að stuðla að og fylgjast með góðri umgengni á félagssvæðinu.

3. gr.

Félagsmenn teljast allir þeir sem hafa land á leigu á svæði félagsins.

Hver lóð veitir rétt til eins atkvæðis í kosningum innan félagsins.

Selji félagismaður sumarbústaðaland sitt gengur hann sjálfkrafa úr félaginu og á ekki tilkall til hugsanlegra fjármuna félagsins.

4. gr.

Árgjald félagsmanna er ákveðið á aðalfundi og skal það greiðast fyrir 5.júní. Hafi gjöld ekki verið greidd að fullu fyrir 1.ágúst er heimilt að leggja á þau dráttavexti.

5. gr.

Aðalfund skal halda á hverju ári fyrir lok apríl. Skal hann boðaður bréflega með minnst viku fyrirvara og telst hann lögmatgur mæti minnst 10 félagsmenn. Ef fyrirhuguð er lagabreyting skal þess getið í fundarboði. Tillögur til lagabreytinga skulu berast til stjórnar fyrir 1.apríl. Ennfremur skal þess sérstaklega getið í fundarboði ef bera á upp tillögur um kostnaðarsamar framkvæmdir. Á aðalfundi gerir stjórnin grein fyrir verkum sínum og leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

Störf aðalfundar eru þessi hin helstu:

- Formaður setur fundinn og skipar fundarstjóra ef með þarf.
- Ritari les fundargerð síðasta fundar.
- Formaður flytur skýrslu stjórnar.
- Gjaldkeri leggur fram og skýrir reikninga félagsins.
- Lagabreytingar, ef fyrir liggja.

6. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
7. Ákvörðun um félagsgjald.
8. Önnur mál.

6.gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn kosnir á aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstaklega og árlega. Meðstjórnendur skulu kosnir til 2ja ára í senn, þannig að 2 meðstjórnendur ganga úr stjórn árlega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Þá skulu kosnir 2 varamenn í stjórn og 2 endurskoðendur til 1 árs. Reikningsár félagsins er milli aðalfunda. Stjórn félagsins getur ekki skuldbundið félagsmenn fjárhagslega. Stjórninni er heimilt að skipa í sérstakar nefndir, ef henni þykir ástæða til.

7.gr.

Séu framkvæmdir ráðgerðar á svæðinu er snert geta alla félagsmenn skal leita samþykkis félagsmanna hverju sinni og um leið gera grein fyrir áætluðum kostnaði og skiptingu milli aðila. Telji einhver aðili innan félagsins sig ekki þurfa á sértækum framkvæmdum að halda getur meirihluti ekki skyldað hann til að taka þátt í kostnaði er af því leiðir. Nýir félagar eiga þó rétt á að gerast aðilar að slíkum framkvæmdum og skulu þeir þá greiða sinn hluta af áföllnum kostnaði fjárfestingar, sé um slíkt að ræða, en að öðru leyti sinn hluta af rekstrarkostnaði. Óski hluti félagsmanna eftir að hefja framkvæmdir er aðeins snerta þá eina en ekki aðra aðila er þeim slíkt heimilt, enda skaði það ekki hagsmuni annarra félagsmanna og framkvæmdin sé innan þeirra réttinda er félagsmenn hafa öðlast frá hendi landeigenda og stjórn félagsins heimilar.

Um allar framkvæmdir á svæðinu sem félagsmenn allir eða aðeins hluti þeirra standa að skal gera skriflegt samkomlag með vitund landeiganda. Óheimilt er félagsmönnum að hefja framkvæmdir á eigin vegum við sameign, t.d við veg, girðingu o.s.frv án heimildar stjórnar félagsins.

8.gr.

Stjórn félagsins kveður til félagsfundar þegar hún telur þess þörf, eða þegar 1/3 hluti félagsmanna óskar þess skriflega. Lögmatir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum félagsins. Félagsfundir skulu boðaðir á sama hátt og aðalfundir. Fundarefni skal tilgreint ótvírætt á fundarboði. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður öllum ákvörðunum félagsins. Hverju sumarbústaðalandi fylgir eitt atkvæði. Félagsmanni skal heimilt að senda umboðsmann fyrir sig á félagsfund. Umboð skal vera skriflegt og leggjast fyrir stjórn.

9.gr.

Í sérstaka fundargerðarbók skal skrá stutt yfirlit yfir það sem gerist á félags- og stjórnarfundum. Fundargerðir skulu undirritaðar af formanni og ritara félagsins, eða fundarritara, og eru þær full sönnun þess er fram fór á fundinum.

10.gr.

Hætti félagið störfum skal almennur fundur félagsmanna sem slítur félaginu taka ákvörðun um ráðstöfun á eignum sem félagið kann að eiga, enda skal þess sérstaklega getið í fundarboði.

11.gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf þá 2/3 hluta greiddra atkvæða til samþykktar lagabreytinganna.

12.gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi 1995